

Félag Íslenskra sérkennara
Kennarahúsinu v/Laufásveg

Alþingi
Erindi nr. Þ. 118 / 613
komudagur 19/12 1994

Menntamálanefnd Alþingis
Ágústa H. Lárusdóttir deildarfulltrúi

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla.
Frá Félagi Íslenskra sérkennara

Í umsögn um drög að frumvarpi til grunnskólalaga ákvað stjórn félags Íslenskra sérkennara að fjalla fyrst og fremst um þau atriði sem snúa að kennslu fatlaðra barna og barna með mikla námserfiðleika. Svo verður einnig nú. Þær greinar sem varða þetta málefni eru 37. gr., 38. gr. og að hluta 33. gr.

Tillögur:

37. gr. 1.m.gr. Í stað "rétt á sérstökum stuðningi í námi" standi "sérkennslu"

Við 2.m.gr. bætist ný setning "Sérkennarar skulu annast þessa kennslu eftir því sem við verður komið."

Einnig leggur félag Íslenskra sérkennara áherslu á:

- Að kveðið verði skýrt á um að skólum skuli séð fyrir fjármagni til sérkennslu (til að sinna sérstökum stuðningi, sé notað orðalag frumvarpsins). Heppilegast væri að ríkissjóður kæmi þar inn í. Verði jöfnunarsjóði grunnskóla, sem fyrirhugað er að setja á fót, fengið það hlutverk er nauðsynlegt að sérmerkja fjármagn til þessa verkefnis.
- Að sérmerkt verði fjármagn frá ríkissjóði til útgáfu á sérhæfðu námsefni sem nýtist fáum nemendum.
- Ef ekki verði samþykkt að tala um sérkennslu í stað "sérstakan stuðning" er nauðsynlegt að fram komi skilgreining á þessum "sérstaka stuðningi" Slík skilgreining þarf að koma fram í lagatextanum eða í greinargerð og síðar í reglugerð.

Rökstuðningur:

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi (ath.s. við 37. gr.) telja höfundar frumvarpsins sig áréttta stefnu um blöndun sem kveðið er á í núgildandi lögum og í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Það er álit stjórnar FÍS að í þessu frumvarpi sé sú stefna mun verr tryggð heldur en í gildandi lögum. Einungis er kveðið á um það með almennum orðum að " Börn og unglingar skuli eiga rétt á sérstökum stuðningi" og að "Meginstefnan skal vera sú að kennsla fari fram í heimaskóla" (37 g).

Hvergi er talað um þá þjónustu sem fötluðum nemendum er nauðsynleg til að þau geti stundað nám í almennum grunnskóla, né hver þessi sérstaki stuðningur skuli vera. Hugtakið sérkennsla hefur nú öðlast viðurkenningu og sess í skólafarfinu. Flestir vita við hvað er átt þegar talað er um sérkennslu enda kveður núgildandi reglugerð um sérkennslu skýrt á um það. Auk þess að handhægara er að nota orðið sérkennsla heldur en orðin "sérstakur stuðningur.

Þær breytingar hafa verið gerðar frá drögunum að nú er gert ráð fyrir slíkri reglugerð og er það gott. Erfitt er þó að sjá fyrir sér reglugerð um eitthvað sem ekki má nefna á nafn.

Lög um málefni fatlaðra tryggja heldur ekki rétt fatlaðra barna til náms í almennum grunnskóla.

Blöndun er annað og meira en staðsetning fatlaðra nemenda í almennum grunnskóla. Markmiðið með blöndun er að fatlaðir einstaklingar geti orðið fullgildir og viðurkenndir þátttakendur í því samfélagi sem þeir eru í. Til að fatlaðir grunnskólanemendur geti orðið það í almennum grunnskóla verður þeim að vera tryggð ákveðin þjónusta umfram það sem öðrum nemendum er boðið upp á. Blöndun kallar á sérhæfð vinnubrögð sem aftur krefst sérþekkingar á því sviði. Þá þekkingu er m.a. að finna hjá sérkennurum. Samkvæmt frumvarpinu er eingöngu reiknað með slíkri sérþekkingu í sérskólum, ekki er síður mikilvægt að þeir séu til staðar í almennum grunnskóla.

Aukið tímamagn miðað við það sem almennt gerist er eitt af því sem tilvist fatlaðra nemenda og nemenda með alvarlega námserfiðleika í almennum grunnskóla krefst. Ekki er kveðið á um stærð námshópa í frumvarpinu en í greinargerð (bls. 15) er gert ráð fyrir að sveitarfélög setji sér svipaðar viðmiðunarreglur og kveðið er á um í 75. gr. gildandi laga. **Hvergi er kveðið á um að sveitarfélögum beri að taka tillit til fatlaðra nemenda og nemenda með námsörðugleika við fjárúthlutun til skólanna.** Foreldrar og kennarar verða að berjast hver á sínum stað fyrir hverju einstaka tilviki án þess að hafa skýra lagastoð til að styðjast við. Á það ber að líta að í fámönnum skólum getur kennslukostnaður fatlaðra barna verið stór hluti af kennslukostnaði allra hinna nemendanna. Og í íslensku nærsamfélagi getur verið erfitt að setja fram kröfur vegna eins eða tveggja einstaklinga. Sérstaklega gæti þetta verið erfitt ef, ásamt fötlun eða námserfiðleikum stríði

barnið við alvarlega hegðunarferðleika. Greiðasta leiðin fyrir foreldra er því að senda börn sín í sérskólanna samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi.

Einnig má benda á að sérhæfð námsgögn vegna sérkennslu eru oft dýr og markaðurinn smár. Þess vegna er veruleg hætt á að skólar í efnalitlum sveitarfélögum telji sig ekki hafa efni á að kaupa slík námsgögn. Það gæti svo aftur leitt til þess að útgáfa þeirra legðist af vegna þess að hún stæði ekki undir sér. Brynt er að jafna kostnað við útgáfu á sérkennslufni.

Það að hætta að tala um sérkennslu og fara að tala um sérstakan stuðning, hefur í raun lítið með blöndun að gera. Vel útfærð sérkennsla í almennum grunnskóla er þrátt fyrir allt forsenda vel heppnaðrar blöndunar. Í málefnum fatlaðra hefur oft og einnig verið gripið til þess að breyta um heiti á hinu og þessu til að verja fatlaða einstaklinga fyrir fordómum og neikvæðum viðhorfum. Hætt var að tala um vangefna og farið að tala um þroskahefta o.s.frv. Þegar upp er staðið kemur í ljós að það eru okki orðin sem eru notuð sem skipta mestu máli varðandi viðhorf almennings heldur vinnubrögð og þær aðstæður sem fötluðum einstaklingum eru búnar. Það er því tilgangslaust að fella út orðið sérkennsla, miklu nær væri að festa sérkennslu vel í sessi og gera hana að eðlilegum þætti í skólastarfinu sem allir nemendur gætu þurft á að halda einhverntíma á skólagöngunni.

Á undanförunum árum hefur þróunin verið mjög í þá átt að fatlaðir nemendur stunda nám sitt í almennum grunnskóla og skólarnir verið að þróa starf sitt til að mæta þeim aðstæðum með góðum árangri víðast hvar. Ástæður þess eru sjálfsagt margar og ekki ósennilegt að hluta þeirra megi finna í ramma sem mótaður hefur verið á undanförunum árum. Í grunnskólaögum er almennt ákvæði um að meginstefnan skuli vera sú að öll börn stundi nám í heimaskóla. Þar að auki er sérkennslureglugerð sem kveður á um ákveðin tímafjöld, sem verja skal í þessu skyni og um ákveðin vinnubrögð. Þ.e. gerð námsáætlana fyrir alla þá einstaklinga sem fá sérkennslu. Svo mikil áhersla hefur verið lögð á þessu vinnubrögð að ákveðinn hluti launa sérkennarans er skilyrtur því að hann vinni þessar námsáætlanir fyrir ákveðin tíma. Á öllum Fræðsluskrifstofum eru starfandi ráðgjafar sem sinna sérkennslunni eingöngu.

Ekki hefur verið lögð slík áhersla á nokkurn annan þátt skólastarfsins á undanförunum árum. Þessu til viðbótar hefur Kennaraháskóli Íslands skipulagt framhaldsnám í sérkennslu víða um land, sem leitt hefur til mikillar fjölgunar á sérmenntuðu fólki í sérkennslu í grunnskólum um land allt.

Sá árangur sem orðið hefur í átt til blöndunar hefur að hluta til orðið vegna mikillar áherslu á sérkennslu í lögum og reglugerðum en ekki með því að búa hana í dulargerfi. **Það er hlutverk lögjafans að marka stefnu, skapa skilyrði og tryggja rétt með skýrum ákvæðum í lögum og fagfólksins að útfæra framkvæmdina þannig að markmið laganna náist.**

Af framansögðu má ljóst vera að sérkennsla er forsenda þess að blöndun geti átt sér stað. Með því að þurrka hana út nánast með einu pennastriki gæti stefnt í voða þeim ágangri sem náðst hefur á undanförunum árum og

jafnvel leitt okkur mörg skref aftur á bak. Skólakerfið þolir illa miklar kollsteypur og hafa margar góðar hugmyndir snúist upp í andhverfu sína vegna þess að of geyst var farið af stað.

Varðandi 38. gr. um sérskólana tekur stjórn FÍS undir það sjónarmið frumvarpshöfunda að mikilvægt er að sérskólar starfi áfram og telur að mörgu leyti heppilegt að þeir hafi með höndum ráðgjöf og kennsiufræðilegan stuðning við heimaskóla.

Slíkur stuðningur getur þó aldrei komið í staðin fyrir vel útfærða sérkennslu í heimaskóla. Til að foreldrar eigi raunverulegt val varðandi skólagöngu fatlaðra barna sinna verður að tryggja að þjónusta sem veitt er í heimaskóla sé ekki síðri heldur en sú sem veitt er í sérskólunum.

Stjórn FÍS telur að svo sé ekki í umræddum frumvarpsdrögum og geti það leitt til þess að sú þróun sem orðið hefur í átt til blöndunar verði snúð til baka. Leiðin inn í sérskólana virðist vera mun greiðari heldur en í heimaskólann. Slík þróun væri ekki í samræmi við vilja frumvarpshöfunda sem vilja áréttu blöndun.

Að öðru leiti vísast í meðfylgjandi hefti um sérkennslu sem gefið er út af Félagi íslenskra sérkennara 1994.

f.h. stjórnar FÍS


Guðjón Ólafsson formaður